

4. gr.

Reglur þessar, sem eru settar samkvæmt 37. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, öðlast gildi þegar í stað.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 24. nóvember 1970.

Auður Auðuns.

Ólafur W. Stefánsson.

REGLUGERÐ

fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi.

I. KAFLI

Tilgangur skólans, inntökuskilyrði, námstími og stjórn hans.

1. gr.

Skólinn heyrir undir landbúnaðarráðuneytið. Landbúnaðarráðherra hefur á hendi yfirstjórn hans og skólabúsins.

2. gr.

Tilgangur skólans er að veita garðyrkjumönnum sérfræðslu, bæði í skrúðgarðyrkju, gróðurhúsagarðyrkju og í almennri garðrækt.

Enn fremur að gera ýmsar tilraunir og athuganir með ræktun garðjurta, bæði við venjuleg skilyrði og í gróðurhúsum, í sambandi við kennsluna.

Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi er enn fremur samkvæmt reglugerð um iðnfræðslu, sbr. 48. gr. laga nr. 68 frá 11. maí 1966, sériðnskóli fyrir skrúðgarðyrkjunema, og um þau atriði, sem þessi reglugerð nær ekki yfir í því sambandi, vísast til ofangreindrar reglugerðar um iðnfræðslu.

3. gr.

Í skólanum skal fara fram bæði bókleg og verkleg kennsla.

Þeir, sem stunda fullnaðarnám við skólann, skulu njóta bóklegrar kennslu í 3 vetur á tímabilinu 1. nóvember til 1. marz skólaár hvert, alls í 12 mánuði.

Enn fremur skulu nemendur stunda verknám við skólann í 1½ mánuð eftir 1. og 2. bekk, alls í 3 mánuði.

Að öðru leyti skulu gróðurhúsagarðyrkjunemar og nemendur í almennri garðrækt vinna við skólann eða á viðurkenndum garðyrkjubúum undir handleiðslu garðyrkjumanns. Skrúðgarðyrkjunemar skulu vera á verknámssamningi hjá starfandi skrúðgarðyrkjumeistara samkvæmt ákvæðum iðnfræðslulöggjafarinnar.

Verknámsskennslu skal annars aðallega þannig fyrir komið:

1. Allt að tveggja ára verknám fyrir þá, sem vilja verða fullnuma í garðrækt.
2. Allt að fjögurra mánaða námskeið fyrir byrjendur.
3. Allt að fjögurra mánaða námskeið fyrir fullnuma garðyrkjunema.
4. Allt að mánaðar námskeið í matreiðslu og hagnýtingu grænmetis.

4. gr.

Verknámsskennsla við fullnaðarnám má hefjast á ýmsum tímum árs, eftir því sem ástæður og rúm leyfir. Fyrstu 3 mánuðina skal skoða sem reynslutíma, þegar um byrjendur er að ræða og skal skólastjóri og kennarar að þeim tíma liðnum ákveða, hvort nemandinn telst fær um að halda áfram námi.

Nemendur við verknám skulu fá skólavist allt að einu ári í senn og ber skól-
anum heldur eigi skylda til að hafa sömu nemendur lengur við verknám. En vera
skal skólinn þeim til aðstoðar við að komast að sem verknemar á garðyrkjubúum
annars staðar, svo að þeir geti lokið verknámi að fullu. Enn fremur skal skólinn
vera væntanlegum skráðgarðyrkjunemum til aðstoðar við að komast á verknáms-
samning hjá skráðgarðyrkjumeistara.

Bóknámskennsla hefst 1. nóvember. Fyrst um sinn skal aðeins veita inntöku í
bóknámsdeild skólans annað hvort ár.

Jólaleyfi er frá 21. desember til 4. janúar að báðum dögum meðtöldum.

Heimilt er að fella niður kennslu allt að einum degi í mánuði eða lengja jóla-
leyfi allt að því, sem þessu nemur.

Nemendur í verknámi skulu eiga kost á sumarleyfi á þeim tíma, er skólastjóri
ákveður og ber að tilkynna nemanda með minnst viku fyrirvara, hvenær orlof
hefst. Lengd sumarleyfa skal ákveðin með hliðsjón af því, sem um er samið hverju
sinni milli launþega og atvinnurekenda um garðyrkjuvinnu.

Óheimilt er skólastjóra að skipta sumarleyfi, nema að fengnu samþykki þess
nemanda, sem í hlut á.

5. gr.

Skriflega beiðni um inntöku skal senda skólastjóra skólans. Hann veitir inn-
töku í skólann og tilkynnir umsækjenda veitinguna. Til inntöku í bóknámsdeild
útheimtist:

- a. Að umsækjandi sé fullra 15 ára.
- b. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn neinum smitandi sjúkdómi.
- c. Að umsækjandi gefi skriflegt loforð um, að hann neyti ekki áfengra drykkja í
húsakynnum skólans eða á skólalóðinni, meðan hann stundar þar nám og
dvelur þar.
- d. Að umsækjandi hafi lokið miðskólaprófi (þ. e. a. s. prófi upp úr 3. bekk gagu-
fræða- eða miðskóla), eða hlotið svipaða menntun.
- e. Að umsækjandi hafi stundað verknám í garðyrkju a. m. k. í hálfu ár eftir 14
ára aldur.

Ákvæði þau, sem tilgreind eru undir staflið b og c, gilda einnig um inntöku í
verknámsdeild skólans.

Læknisvottorð, skirnarvottorð og skilríki fyrir því, að umsækjandi fullnægi
framangreindum atriðum, skulu fylgja inntökubeiðni.

6. gr.

Frá einstökum framantöldum atriðum í gr. 5 má þó veita undanþágu, ef sér-
stakar ástæður mæla með. Umsækjendur, er hlotið hafa góða undirbúningsmenntun,
skulu að öðru jöfnu sitja fyrir við inntöku í skólann, en annars skal lögð áherzla
á að veita öllum þeim, sem uppfylla ofangreind skilyrði í gr. 5, inntöku í skólann.

7. gr.

Enginn getur lokið burtfararprófi úr bóknámsdeild skólans nema að hann hafi
stundað verknám í 2 ár, þar af eigi skemur en 3 mánuði í garðyrkjuskólanum, en að
öðru leyti á viðurkenndum garðyrkjubúum undir handleiðslu garðyrkjunanns eða
verið á verknámssamningi hjá skráðgarðyrkjumeistara, sé um skráðgarðyrkjunema
að ræða.

8. gr.

Áskilja má, að nemandi hafi tilteknað lágmarkseinkunnir á miðskólaprófi í
einstökum námsgreinum svo og í aðaleinkunn, og er heimilt að hafa slíkar einkunnir
breytilegar, eftir því sem ástæða þykir til.

9. gr.

Heimilt skal að veita undanþágu frá ákvæði d. í 5. gr., þegar um er að ræða nemendur, sem hefja nám eftir átján ára aldur.

Sé undanþágan veitt, skal nemandi sýna við inntökupróf, að hann hafi nægjanlega þekkingu til að geta fylgst með kennslu í 1. bekk og skulu inntökupróf miðuð við eigi minni kröfur en gerðar eru til miðskólaprófs í þessum námsgreinum.

10. gr.

Heimilt skal vera að halda undirbúningsnámskeið fyrir þá nemendur, sem þurfa inntökupróf, svo og fyrir þá nemendur, sem að mati skólans, hafa ekki hlotið nægjanlega háa einkunn í einni námsgrein eða fleirum við miðskólapróf, til þess að geta fylgst með kennslu í 1. bekk.

11. gr.

Heimilt er að hafa námskeið í mælingum og öðrum verklegum greinum allt að hálfum mánuði á ári utan hins venjulega skólatíma.

II. KAFLI**Um aga og reglur.****12. gr.**

Vanræki nemandi nám, mæti ekki í kennslustundir eða til verklegs náms eða brjóti reglur skólans og óhlýðnast þeim fyrirskipunum, sem gefnar eru, þar kennara að vanda um við hann eða tilkynna skólastjóra, ef brotið er stórt. Skipist nemandi ekki við slíkar umvandanir kennara eða skólastjóra, getur skólastjóri vikið honum úr skóla um stundarsakir eða til fulls og skal þá kennarafundur hafa fjallað um málið. Tilkynna skal meistara eða vinnuveitanda nemanda áður um brotið.

13. gr.

Nemendur skulu í skólanum gæti fyllstu reglusemi í hvívetna.

Áfengi má ekki hafa um hönd í húsakynnum skólans. Brjóti nemendur gegn þessu, skal skólastjóri vanda um við þá og áminna og gera forráðamönnum þeirra aðvart um brotið. Skipist nemendur eigi við endurtekna áminningu, þar að vikja hinum brotlega úr skóla.

Komi kennari til starfa undir áhrifum áfengis, neyti hann þess í hóbýlum skólans eða vanræki störf sakir vinneyzlu, getur skólastjóri vísað frá skólanum stundakennurum. Ef um fastráðna starfsmenn er að ræða, þar skólastjóra að gera landbúnaðarráðuneytinu aðvart og mun slík hegðun geta varðað stöðumissi.

14. gr.

Agi skólans skal miða að því að halda uppi reglu og efla með nemendum iðjusemi og þrúðmennsku.

Skulu kennarar og nemendur leitast við í sameiningu að glæða heilbrigðan anda í skólanum.

III. KAFLI**Skólastjóri, kennarar, störf þeirra og launakjör.****15. gr.**

Yfirstjórn kennslunnar er í höndum skólastjóra og kennara. Fastráðnir kennarar skulu hafa kandidatspróf í garðyrkju, eða að minnsta kosti hliðstæða menntun. Ef sérstakur kennari er ráðinn til kennslu í almennum námsgreinum, smíðum, sundi

og leikfimi, skal gera til hans sömu menntunarkröfur og kennara við skóla gagn-fræðastigsins.

Kennari í félagsfræði og verkfærafræði, meðferð og hirðingu véla, skal hafa lokið prófi í þeim greinum eða hlotið á annan hátt þá þekkingu og starfsþjálfun, sem skólastjóri og ráðherra telja fullnægjandi.

Ráðherra skipar fastráðna kennara, að fengnum tillögum skólastjóra. Auka-kennara ræður skólastjóri og verða þeir að hafa góða þekkingu og starfsþjálfun í því eða þeim fögum, sem þeir kenna.

16. gr.

Laun skólastjóra og kennara skulu vera samkvæmt kjarasamningum starfs-manna ríkisins og í samræmi við launakjör starfsmanna bændaskólanna.

Fyrir bússtjórn skulu greidd laun samkvæmt samningi, er ráðherra staðfestir.

Skólastjóri skipuleggur kennsluna og störf, sem kennurum eru falin. Honum ber að halda kennarafundi, þegar hann telur ástæðu til, eða þegar meiri hluti kenn-ara óskar þess. Á þessum fundum skulu skólastjóri og kennarar ræða framkvæmd kennslunnar og annað, sem við kemur starfsemi stofnunarinnar.

Skólastjóri skal fylgjast með störfum kennaranna og námi nemenda.

Skólastjóra er heimilt að fela kennurum eftirlit með nemendum. Kennsluskylda skólastjóra er 12 stundir á viku.

Skólastjóri hefur á hendi daglega stjórn skólans og stofnunarinnar, hefur um-sjón með kennslunni, aga, umgengni og framkomu nemenda og sér um eignir skól-ans og reikningshald.

Skýrslu um skólann skal gefa út a. m. k. þriðja hvert ár.

17. gr.

Kennurum ber að gegna öllum störfum sínum með áhuga og samvirkusemi gagnvart nemendum og skólastofnuninni.

Starfstími þeirra skal vera 9 mánuðir á ári. Heimilt skal vera að ráða kennara til sumarstarfa, fyrir utan þessa 9 mánuði, allt að því í tvo mánuði, og ber þá að greiða honum mánaðarlaun samkv. viðkomandi launaflokki.

Kennsluskylda garðyrkjukennaranna er 27 st. á viku, en kennara í almennum námsgreinum, smíðum, vélfræði og sundi og leikfimi 30 st. (45 mínútur).

Nú hefur kennari ekki fulla kennslu þann tíma, sem skólinn starfar, og ber honum þá að vinna störf í þágu stofnunarinnar í þess stað, t. d. eftirlit með nem-endum í bókasafni, við tilraunir og athuganir, að viðhaldi á húsbúnaði og húsum skólans, svo og á viðhaldi á vélum og tækjum skólans og skólahúsa.

Á sama hátt ber kennurum að vinna að ofangreindum störfum, þótt skóla sé slitið, þar til starfstími þeirra hvert ár er orðinn 9 mánuðir.

Um daglegan vinnutíma skal miðað við ákvæði kjaradóms.

18. gr.

Nú hefur kennari gegnt embætti í 10 ár og óskar að hverfa frá störfum í eitt ár til að efla þekkingu sína og hæfni, og skal hann þá senda ráðherra beiðni um orlof ásamt greinargerð um, hvernig hann hyggst verja orlofsárinu. Ef ráðherra telur þá greinargerð fullnægjandi, getur hann veitt kennaranum ársorlof með fullum laun-um. Beiðni um orlof skal send landbúnaðarráðuneytinu með árs fyrirvara og veitir það kennurum, er þess óska, leiðbeiningar um, hvernig orlofsárinu skuli varið, en allir verða þeir að gefa því fullnægjandi skýrslu um störf sín að orlofsárinu loknu, að viðlögðum launamissi fyrir það ár. Landbúnaðarráðherra setur nánari reglur um framkvæmd ársorlofs kennara. Skal þess gætt, að það trúfli ekki störf skólans eða torveldi þau.

IV. KAFLI

Námsefni og kennsla.

19. gr.

Í bóknámsdeild skólans skal kennslan fara fram í fyrirlestrum, með yfirheyrslum, starfsæfingum, með námsferðum í garðyrkjustofnanir og með því að nemendum verkefni til skriflegrar úrlausnar, rannsóknnum og tilraunum, allt eftir ákvörðun skólastjóra og kennara.

20. gr.

Við verklega kennslu skal leggja áherzlu á, að nemendurnir læri sem flest garðyrkjustörf, bæði við útiræktun og ræktun í gróðurhúsum. Enn fremur skulu þeir vinna að bússmiðum, byggingu gróðurhúsa og viðhaldi þeirra, svo og að öðrum störfum, er að garðrækt lúta og þeim má að gagni koma að kynnast. Sýna skal nemendum eftir því sem aðstæður leyfa, vinnubrögð við tilraunir og annað það, sem bóklega námið fjallar um.

Þannig skal í verklegum greinum viðhafa þá fjölbreytni í námi, sem hægt er að koma við og leggja skal áherzlu á, að nemendurnir fái sem beztan skilning á þeim störfum, sem unnin eru. Skulu þau útskýrð svo sem þörf er á, jafnhliða framkvæmd þeirra.

21. gr.

Nemendur skulu færa dagbók til þess að þeir hafi sem bezt not af hinni verklegu kennslu og fái æfingu í sjálfstæðri hugsun og starfi. Dagbókina skulu þeir afhenda skólastjóra vikulega. Villur skal leiðrétta og viðurkenning skal gefin fyrir því, að dagbókin sé færð eftir þeim kröfum, er skólastjóri og kennarar ákveða.

22. gr.

Nemendur skulu hafa safnað a. m. k. 100 villtum íslenskum plöntum, 25 trjám og runnum og 25 fjölærum blómum og sumarblómum, áður en þeir ljúka burtfararprófi.

Plönturnar skulu vera þurrkaðar og limdar á spjöld, þar sem getið er um fundarstað, fundartíma, latneskt heiti plöntunnar, íslenskt heiti, ættarheiti og í hvers konar gróðurlendi plantan er fundin. Þannig frágengnum skal skila plötunum fyrir 1. des. í 3. bekk.

23. gr.

Nemendur skulu í lok annars bekkjar, velja sér bóklega valgrein og verkefni innan þess, sem kennari í viðkomandi námsgrein og skólastjóri samþykkja. Hafi nemandi ekki neina ákveðna tillögu í því efni, ber kennara og skólastjóra að finna hentugt verkefni. Að verkefninu skal vinna sumarið milli 2. og 3. bekkjar og skal afhenda það fullunnið fyrir 1. des. í 3. bekk. Verkefni þetta getur verið á sviði tilrauna og athugana eða verkefni, sem eingöngu er unnið með hjálp heimildarrita.

Skapa skal nemendum aðstöðu til að vinna að verkefninu á skólastaðnum eftir því sem aðstæður leyfa, með tilraunaaðstöðu, eða aðgang að rannsóknarstofum skólans og bókasafni og öðru því, sem þeim mætti að gagni koma.

Námsgreinin, sem verkefnið er valið í, verður að teljast til sérgreina. Sjá 25. gr.

24. gr.

Í bóknámsdeild skólans skal kenna þessar námsgreinar og þennan stunda-
fjölda.

I. bekkur.

Almennt fyrir alla yfir kennslutímabilið:

Efnafræði	72	stundir
Eðlisfræði	36	—
Stærðfræði	36	—
Steina- og jarðfræði	48	—
Véla- og verkfærafræði	36	—
Grasafræði	60	—
Teikning	48	—
Skrúðgarðfræði	36	—
Skrúðgarðabyggingarfræði	36	—
Starfsæfingar	24	—
Leikfimi og sund	24	—

Samtals 456 stundir

Sérstaklega fyrir skruðgarðyrkjunema:

Skrúðgarðabyggingarfræði	36	stundir
Teikning	24	—

Samtals 60 stundir

Sérstaklega fyrir gróðurhúsagarðyrkjunema:

Gróðurhúsabyggingarfræði	36	stundir
Gróðurhúsateikningar	24	—

Samtals 60 stundir

II. bekkur.

Almennt fyrir alla yfir kennslutímabilið:

Jarðvegs- og áburðarfræði	48	stundir
Jurtasjúkdómar og lyf	48	—
Grasafræði	72	—
Trjáa, runna og blómarækt	48	—
Matjurtaræktun og ylræktun	48	—
Garðyrkjufraði	48	—
Land- og hallamælingar	48	—
Skrúðgarðabyggingarfræði	36	—
Starfsæfingar	24	—
Leikfimi og sund	24	—

Samtals 444 stundir

Sérstaklega fyrir skruðgarðyrkjunema:

Land- og hallamælingar	36	stundir
Skrúðgarðfræði	24	—

Samtals 60 stundir

Sérstaklega fyrir gróðurhúsagarðyrkjunema:

Matjurtaræktun	24	stundir
Ylræktun ávaxta og matjurtar	36	—

Samtals 60 stundir

III. bekkur.

Almennt fyrir alla yfir kennslutímabilið:

Bókfærsla, hagfræði og þjóðfélagsfræði	72	stundir
Jarðvegs- og áburðarfræði	48	—
Jurtasjúkdómar og lyf	48	—
Grasafræði	48	—
Trjáa, runna og blómarækt	48	—
Matjurtaræktun og ylræktun	48	—
Garðyrkjufraði	48	—
Skrúðgarðateikning	36	—
Starfsæfingar	24	—
Leikfimi og sund	24	—

Samtals 444 stundir

Sérstaklega fyrir skruðgarðyrkjunema:

Skrúðgarðateikning	36	stundir
Skrúðgarðafraði	24	—

Samtals 60 stundir

Sérstaklega fyrir gróðurhúsagarðyrkjunema:

Ylræktun afskorinna blóma	36	stundir
Ylræktun pottablóma	24	—

Samtals 60 stundir

25. gr.

Eftirfarandi bóklegar námsgreinar skulu teljast til almennra námsgreina:

Efnafraði, eðlisfraði, stærðfraði, steina- og jarðfraði, grasafræði og garðyrkjufraði.

Eftirfarandi bóklegar námsgreinar skulu teljast til sérgreina.

Skrúðgarðafraði, skruðgarðabyggingarfræði, jarðvegs- og áburðarfræði, jurtasjúkdómar og lyf, trjáa, runna og blómarækt, matjurtarækt (almenn matjurtaræktun og matjurtaræktun tegunda), ylræktun (almenn ylræktun, ylræktun ávaxta og matjurta, ylræktun pottablóma, ylræktun afskorinna blóma), véla- og verkfærafræði, bókfærsla, hagfræði og þjóðfélagsfræði.

26. gr.

Kennslu skal hagað svo sem hér segir í aðaldráttum:

Efnafraði: Nemendur skulu fá fræðslu um hin helztu frumefni, efnasambönd og efnabreytingar. Megináherzlu skal þó leggja á fræðslu um þau efni, sem þýðingu hafa fyrir plöntur. Verklegar æfingar og sýnikennsla eftir því sem við verður komið.**Eðlisfraði:** Leggja skal áherzlu á ýmis undirstöðuatriði, sem að gagni mega koma.**Stærðfraði:** Lögð skal áherzla á lausn verkefna, sem hafa hagnýtt gildi fyrir starfsgreinina svo sem gerð áburðaráætlana og flatarmálsútreikninga.**Steina- og jarðfraði:** Kenna skal ágrip af almennri jarðfraði. Leggja skal þó aðaláherzlu á jarðmyndun og bergtegundir á Íslandi með tilliti til allrar ræktunar.**Véla- og verkfærafræði:** Kenna skal um þær vélar og verkfæri, sem á hverjum tíma eru talin hentugust við notkun í garðyrkju. Verklegar æfingar og sýnikennsla eftir því sem við verður komið.

Grasafræði: M. a. formfræði plantna (morfologi), plöntulíffærafræði (anatomi), plöndulífeðlisfræði (physiologi), plöntuerfðafræði (genetik), plöntuþekking (systematik), gróðurfræði (ökologi), plöntuþekking einstakra tegunda trjáa og runna í vetrarástandi o. fl.

Garðyrkjufraði: M. a. ýmis undirstöðuatriði í ylræktun, matjurtaræktun og uppleldi smáplantna, garðyrkjutilraunir, veðurfræði og áhrif veðursins á gróðurfarið og alla ræktun, garðyrkjusaga og þróun garðyrkjumála hér á landi o. fl.

Jarðvegs- og áburðarfræði: M. a. uppbygging jarðvegsins, jurtanærandi efni í jarðveginum, upptaka og næringarþörf jurtanna, helztu áburðartegundir o. m. fl. Samfara kennslunni skulu fara fram verklegar æfingar á jarðvegsrannsóknarstofu Garðyrkjuskólans.

Jurtasjúkdómar og lyf: Kenna skal um þá sjúkdómavalda, sem tjón gera hér á landi á jurtum og varnir gegn þeim.

Matjurtaræktun og ylræktun: Kenna skal um ræktun þeirra tegunda, sem þýðingu hafa hér á landi.

Trjáa, runna og blómarækt: Kenna skal um ræktun þeirra tegunda, sem þýðingu hafa hér á landi.

Bókfærsla, hagfræði og þjóðfélagsfræði: Niðurröðun og innfærslur á öllum viðskiptum í verzlunarbækur. Vixlar og tékkar. Félagsstörf og mælska. Íslenzk stjórnskipun og þjóðarréttur m. m.

Skrúðgarðabyggingarfræði: Þar skal lögð áherzla á öll hagnýt undirstöðuatriði við uppbyggingu skrúðgarða svo sem framræslu, jarðvegsskipti, jarðvinnslu, byggingu steinhæða og beða, útplöntun, gerð gróðurskýla og gróðurhúsa í gördum, girðingar o. fl.

Skrúðgarðafraði: Viðhald skrúðgarða og þar með snyrting, klipping trjáa og runna, lagfæring í beðum, frágangur á blómum í beðum o. fl.

Teikning: Undirstöðuatriði í teikningu og meðferð og notkun teikniáhaldna.

Land- og hallamælingar: Notkun og meðferð tækja, hvernig færa skal málbækur, teikning korta m. m.

Starfsæfingar: Ýmsar verklegar æfingar, sem að gagni mega koma fyrir nemendum.

Ráðherra staðfestir kennslubækur fyrir skólann, að fengnum tillögum skólastjóra.

27. gr.

Auk hinnar reglubundnu kennslu, er fyrr getur, má halda allt að 4 mánaða námskeið við skólann, þar sem fram fari tilsögn í ræktun algengra matjurtar og garðagróðurs. Í sambandi við námskeiðin skulu haldnir fræðandi fyrirlestrar, eftir nánari ákvörðun skólastjóra og kennara.

Enn fremur má halda allt að 1 mánaðar námskeið með starfsmönnum skólans fyrir utan skólastofnunina.

28. gr.

Heimilt er einnig að halda önnur námskeið við skólann, þegar ástæður leyfa, t. d. í matreiðslu grænmetis, niðursuðu og geymslu, jurtasjúkdómum, jarðvegs- og áburðarfræði, verkfærafræði, gróðurlýsingum, byggingu og upphitun gróðurhúsa o. fl. Einnig almenn námskeið fyrir garðyrkjunema, þar sem veitt er, í fyrirlestrum og á umræðufundum, fræðsla um ýmsar greinar garðyrkjunnar.

29. gr.

Starfrækja má meistaranámskeið, ef aðstæður leyfa og ástæða þykir til, að fengnu samþykki landbúnaðarráðherra, sem jafnframt ákveður, að fengnum tillögum skólastjóra, til hvaða námsgreinar kennslan skuli taka. Veita skal bæði verklega og bóklega kennslu fyrir þá, sem búa sig undir meistaraþróf eða verkstjórn.

Námskeiðin skulu taka 1—8 mánuði, í einum, eða í tveimur eða þremur áföngum, og þá með samsvarandi heildarnámstíma, eftir nánari ákvörðun skólastjóra og ráðherra.

30. gr.

Kennslan í bóknámsgreinum á meistaranámskeiði fer fram eftir námsskrá, sem landbúnaðarráðuneytið setur, að fengnum tillögum skólastjóra.

Verklega kennslan fer fram í gróðurhúsum, garðlöndum og tilraunastofum skólans.

Skal einkum lögð áherzla á að kynna ýmsar nýjungar og sérstakar vinnuaðferðir, verkstjórn og vinnuhagræðingu, rannsóknir og tilraunir o. fl.

Námi lýkur með prófi og nefnist það meistaraþróf.

Um próf, einkunnagjöf og annað, sem ekki er tekið fram sérstaklega, gilda að öðru leyti ákvæði þessarar reglugerðar eftir því sem við getur átt.

Skilyrði til þátttöku í meistaranámskeiði er, að viðkomandi hafi lokið sveinsprófi eða burtfararprófi í viðkomandi starfsgrein garðyrkjunnar.

V. KAFLI**Próf og einkunnir.****31. gr.**

Kennarar prófa, hver í sinni námsgrein og ákveða í samráði við skólastjóra, hvort úrlausnarefni skuli vera skriflegt eða munnlegt eða hvort tveggja.

32. gr.

Einkunnir skal gefa í tölum frá 1—10, og með einum tugarstaf og tveimur aukastöfum fullnaðareinkunna.

Gefa skal þá einkunnina 0 fyrir afleita frammistöðu og fellir hún samkvæmt 38. gr.

Aðaleinkunnirnar 5 —5.99 teljast þriðja einkunn

Aðaleinkunnirnar 6 —7.24 teljast önnur einkunn

Aðaleinkunnirnar 7.25—8.99 teljast fyrsta einkunn

Aðaleinkunnirnar 9 —10 teljast ágætis einkunn

33. gr.

Áður en nemendur fara í jólafrí, skulu hafa farið fram miðsvetrarpróf í hverri bóknámsgrein, og skal afhenda nemendum þær einkunnir áður en þeir fara í jólafríið, svo að þeir geti séð, hvernig þeir standa í hverri námsgrein.

Í lok hvers kennslutímabils bóknámsdeildar, skal hver kennari gefa nemendum árseinkunn, sem fer eftir ástundun og frammistöðu nemandans yfir bóknámstímabilið.

Miðsvetrareinkunn og árseinkunn komi fram á prófskírteini, sem afhendist eftir próf í hverjum bekk, en komi ekki á burtfararskírteini.

34. gr.

Í lok hvers kennslumisseris bóknámsdeildar skólans skulu nemendur prófaðir í þeim námsgreinum, sem kenndar hafa verið á þeim tíma, að undanteknu sundi og leikfimi, en í þeim greinum skulu nemendur prófaðir við lokapróf 3. bekkjar.

a. 1. bekkur.

Almennt fyrir alla:

- 1 einkunn fyrir efnafræði
- 1 — — eðlisfræði
- 1 — — stærðfræði
- 1 — — steina- og jarðfræði
- 1 — — véla- og verkfærafræði
- 1 — — grasafraði
- 1 — — teikningu
- 1 — — skróðgarðafraði
- 1 — — skróðgarðabyggingarfræði

Sérstaklega fyrir skróðgarðyrkjunema:

- 1 einkunn fyrir skróðgarðabyggingarfræði
- 1 — — teikningu

Sérstaklega fyrir gróðurhúsagarðyrkjunema:

- 1 einkunn fyrir gróðurhúsabyggingarfræði
- 1 — — gróðurhúsateikningar

b. 2. bekkur.

Almennt fyrir alla:

- 1 einkunn fyrir jarðvegs- og áburðarfræði
- 1 — — jurtasjúkdóma og lyf
- 1 — — grasafraði
- 1 — — trjáa, runna og blómarækt
- 1 — — matjurtaræktun og ylræktun
- 1 — — garðyrkjufraði
- 1 — — land- og hallamælingar
- 1 — — skróðgarðabyggingarfræði

Sérstaklega fyrir skróðgarðyrkjunema:

- 1 einkunn fyrir land- og hallamælingar
- 1 — — skróðgarðafraði

Sérstaklega fyrir gróðurhúsagarðyrkjunema:

- 1 einkunn fyrir matjurtaræktun
- 1 — — ylræktun ávaxta og matjurtar

c. 3. bekkur.

Almennt fyrir alla:

- 1 einkunn fyrir bókfærslu, hagfræði og þjóðfélagsfræði
- 1 — — jarðvegs- og áburðarfræði
- 1 — — jurtasjúkdóma og lyf
- 1 — — grasafraði
- 1 — — trjáa, runna og blómarækt
- 1 — — matjurtaræktun og ylræktun
- 1 — — garðyrkjufraði
- 1 — — skróðgarðateikningu
- 1 — — leikfimi og sund

Sérstaklega fyrir skráðgarðyrkjunema:

1 einkunn fyrir skráðgarðateikningu

1 — — skráðgarðaðfræði

Sérstaklega fyrir gróðurhúsagarðyrkjunema:

1 einkunn fyrir ylræktun ávaxta og matjurta

1 — — ylræktun pottablóma

Verkefni í valgrein 1 einkunn.

35. gr.

Við skriflegt próf skal ætla nemendum 2—4 stundir til úrlausnar verkefna, eftir ákvörðun skólastjóra. Við skrifleg próf má nota þau gögn ein, sem skólastjóri leyfir. Notiemandinn óleyfileg hjálpargögn, veiti eða þiggi hjálp, hefur hann fyrirgert rétti sínum til prófs í það sinn. Skal minna nemendur á þetta ákvæði, áður en próf hefst.

36. gr.

Nú getur nemandi ekki stundað leikfimi eða sund sakir vanheilsu, getur skólastjóri veitt undanþágu frá kennslu og frá prófi í þeim greinum, en þó því aðeins að viðkomandi nemandi leggi fram vottorð um vanheilsu sína frá lækni skólans.

37. gr.

Aðaleinkunn er meðaltal allra fullnaðareinkunnna. Til þess að nemendur standist bekkjarpróf og fái leyfi til að halda áfram námi skulu þeir fá a. m. k. einkunnina 5 til jafnaðar. Til þess að standast próf í almennum námsgreinum þarf einkunnina 3 hið lægsta, en í öllum teikningum, land- og hallamælingum, verknámi og sórgreinum, 5 hið lægsta.

38. gr.

Nú stenzst nemandi ekki próf í helmingi námsgreina á ársprófi eða burtfararprófi, og skal hann þá setjast í sama bekk aftur vilji hann halda áfram námi og taka próf að nýju. Nái hann prófi í helmingi námsgreinanna eða meiru, en ekki í öllu, má hann taka það, sem vantar, eða einstaka greinar þess, þegar þau próf eru haldin við skólann síðar.

Fái nemandi einkunnina 0, sem gefa skal fyrir afleita frammistöðu, skal hann setjast í sama bekk aftur, vilji hann halda áfram námi og taka síðan próf að nýju.

39. gr.

Ekki má flytja nemanda úr lægri bekk í efri, fyrr en hann hefur lokið upptöku-prófi í efri bekkinn, nema kennarafundur samþykki, og teljast árseinkunnir í þeim námsgreinum, sem próf er fellt niður í, með í prófinu.

Nú mætir nemandi til burtfararprófs og hefur próf frá öðrum skóla, er sýnir eins mikla eða meiri kunnáttu í einni eða fleiri prófgreinum en krafizt er til prófsins, og er þá heimilt að sleppa honum við próf í þeim námsgreinum og telja einkunnir hans í hinu fyrra prófi til burtfararprófsins, en leggja skal hann fram skilríki fyrir kunnáttu sinni.

40. gr.

Nú vill nemandi þreyta árspróf í skólanum, án þess að hafa stundað þar nám, og skal hann þá, áður en til prófs kemur, færa sönnur á, að hann hafi að mati skólans lært allt það, sem námsskrá mælir fyrir um og gera grein fyrir, hvernar kennslu hann hafi notið. Á teikningum og öðrum verklegum æfingum skal ekki krafizt síðri frágangs en af reglulegum nemendum skólans. Sé um að ræða próf í fleiri en einni bekkjardeild, skal nemandi fyrst þreyta próf í hinum lægsta bekk og síðast í hinum efsta. Nái hann ekki einkuninni 7 í hverri námsgrein í hinum lægri bekkjarprófum, skal honum óheimilt að þreyta próf í efri bekk.

41. gr.

Í skólanum skal vera prófbók eða spjaldskrá og skal rita í hana allar einkunnir við árspróf og burtfararpróf, meðaltölur þeirra og fullnaðareinkunn og einkunn fyrir ástundun og hegðun í orðum, sem kennarafundur gefur (ágætt, mjög góð, góð, sæmi-leg, léleg).

Enn fremur skal rita í hana, hve oft nemandann hefur vantað í skólann á kennslutímabilinu og af hvaða ástæðum, svo og hve oft hann hefur mætt of seint.

42. gr.

Við próf dæma hlutaðeigandi kennarar og prófdómarar um úrlausnir.

Að loknu skriflegu prófi tekur kennari við úrlausnum, leiðréttir þær og dæmir, en síðar prófdómari og koma þeir sér saman um einkunn.

Ef ágreiningur verður um einkunn, skal taka meðaltal af einkunnagjöf kennara og prófdómara.

Skriflegar úrlausnir nemenda skal skólastjóri geyma í sex mánuði frá því að prófi lýkur.

Landbúnaðarráðherra skipar prófdómara, að fengnum tillögum skólastjóra.

43. gr.

Að loknu burtfararprófi skal afhenda nemendum þeim, sem staðizt hafa prófið, burtfararskírteini með árituðum prófseinkunnum fyrir hverja námsgrein í hverjum bekk fyrir sig, ásamt aðaleinkunn. Prófskírteini skal einnig látið nemendum í té í lok hvers bekkjar með árituðum miðsvetrar-, árseinkunnum og prófseinkunnum, ásamt því hve oft nemandann hefur vantað í skólann á kennslutímabilinu og af hvaða ástæðum, svo og hve oft hann hefur mætt of seint.

Enn fremur skal skrá á brottfararskírteinið greinargerð um menntun nemanda í verklegum greinum.

Hvar hann hefur stundað verknám, hvað lengi o. s. frv.

Þeir einir, sem lokið hafa fullnaðarprófi í garðyrkju frá Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi, eða hliðstæðu prófi frá garðyrkjuskólum erlendis, hafa rétt til þess að bera starfsheitið garðyrkjufraeðingur.

VI. KAFLI**Ýmis ákvæði.****44. gr.**

Garðyrkjuskólinn á Reykjum í Ölfusi er sériðnskóli fyrir skruðgarðyrkju. Um þau atriði í því sambandi, sem þessi reglugerð nær ekki yfir, vísast til reglugerðar um iðnfræðslu frá 15. september 1967.

T. d. um námstímann hjá skruðgarðyrkjumeistara, löggildingu, námssamning, vinnutíma, orlof, slysa- og sjúkdómstílfelli, verklegt nám hjá skruðgarðyrkjumeistara, sveinspróf og prófnefndir í því sambandi og fleiri ákvæði.

Garðyrkjuskóli ríkisins á Reykjum í Ölfusi skal ætíð hafa aðstöðu til að láta sveinspróf fara fram í skruðgarðyrkju á skólastaðnum.

45. gr.

Breyta má frá ákvæðum þessarar reglugerðar fyrir Garðyrkjuskólann á Reykjum í Ölfusi, ef skólastjóri telur það nauðsynlegt, en landbúnaðarráðherra verður að staðfesta slíka breytingu.

VII. KAFLI

Námskostnaður.

46. gr.

Skólinn veitir nemendum sínum ókeypis kennslu, húsnæði, ljós og hita, og leggur þeim einnig til verkfæri og áhöld til afnota. Nemendur greiða fyrir þjónustu og fæði. Skal sú greiðsla reiknast sem næst kostnaðarverði hverju sinni, samkvæmt reikningum skólans. Nemendur skulu sjálfir sjá sér fyrir sængurfatnaði og kennslubókum.

47. gr.

Nemendum, sem stunda verknám, skal greiða þóknun í samræmi við laun nema í verknámsskólum eða við samsvarandi námsstörf eins og þau eru á hverjum tíma, samkvæmt almennum samningum, er um það gilda.

En ef um einhver vafaatriði er þar að ræða, skal greiða nemendum sem stunda verknám, þóknun eins og hér segir:

1. verknámsár 30%, sé nemandinn yngri en 16 ára.
1. verknámsár 40%, sé nemandinn eldri en 16 ára.
2. verknámsár 50%.
3. verknámsár 60%.

Skal þóknun til nemenda þannig reiknuð í hundraðshlutum, miðað við kaup fullgildra garðyrkjumanna eins og það er á hverjum tíma, samkvæmt almennum samningum, er um það gilda.

VIII. KAFLI

Stofn- og reksturskostnaður o. fl.

48. gr.

Stofnkostnaður við að gera skólann og skólastöðina svo úr garði, að þau geti sem bezt gegnt hlutverki sínu, samkvæmt lögum og reglugerð, svo og reksturskostnaður skólans greiðist úr ríkissjóði.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 91 23. júní 1936, um garðyrkju-skóla ríkisins. Með henni er úr gildi numin reglugerð frá 1. maí 1953, fyrir Garðyrkjuskóla ríkisins á Reykjum í Ölfusi.

Reglugerðin öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, er hlut eiga að máli.

Landbúnaðarráðuneytið, 26. nóvember 1970.

Ingólfur Jónsson.

Þorv. K. Þorsteinsson.